

# Nóvember fréttablað



## Samstarf

Í byrjun október komu Jón og Ásta Júlía frá félagi eldri borgara og heimsóttu börnin á Hulduheimum. Jón kenndi börnunum alls kyns leiki og Ásta Júlía las fyrir þau bók, var þetta hin besta samvera og þökkum við þeim fyrir komuna.



## Foreldraspjall

Í nóvember bjóða deildarstjórar upp á foreldraspjall, settir verða upp listar á öllum deildum þar sem foreldrar geta skráð sig á ákveðna daga. Formleg foreldraviðtöl verða svo í lok janúar.

## Pollóween búningadagur

Ákveðið hefur verið að taka þátt í „Pollóween“ gleðinni sem á að vera hér í bænum okkar frá 28. október til 3. nóvember. Við ætlum að hafa búningadag 1. nóvember og geta þá þeir sem vilja mætt í búningum, athugið að vopn eru ekki leyfð.



## Foreldrafundir

Foreldrafundir hafa nú verið haldnir á öllum deildum og var mæting ágæt en þó misjöfn eftir deildum. Stundaskrár og aðrar gagnlegar upplýsingar er hægt að finna inn á heimasíðu leikskólans, [bergheimar.is](http://bergheimar.is). Punktur frá fundunum verða sendir til foreldra.

## Starfsdagar í vor

Breyta þurfti dagsetningum á starfsdögum í vor vegna námsferðar starfsfólks til Alicante. Lokað verður **30. apríl kl. 12 og lokað 4. – 5. maí**. Vinsamlega setið þetta í dagbækur hjá ykkur en við minnum á þetta aftur þegar nær dregur.

## Hnetu- og möndlu ofnæmi

Ég vil ítreka að í leikskólanum er eitt barn með bráðaofnæmi fyrir hnetum og möndlum. Vinsamlega gefið börnunum ekki hnetur að morgni áður þau koma í leikskólann.



### Haustþing

Haustþing leikskólastarfsfólks á suðurlandi var haldið þann 4. október. Allt starfsfólk Bergheima fór á þingið og valdi fjölbreytta fyrirlestra, má þar nefna *Hlutverk millistjórnenda, Stafagaldur og læsi gegnum söng og sögur, Hinsegin, kynsegin, trans eða síð, Þú hefur áhrif*. Almenn ánægja var með fyrirlestrana og skipulag Haustþingsins og alltaf gagnlegt fyrir starfsfólk að fræðast um nýja hluti og eflast þannig í starfi.

### Fyrirlestur

7. október var fyrirlestur frá Blátt áfram sem ber nafnið „Hvernig má vernda börn gegn kynferðisofbeldi?“ fyrirlesturinn var ætlaður foreldrum og starfsfólki leikskólans. Allt starfsfólk leikskólans mætti og fannst efnið áhugvert og tók með sér fullt af nýrri þekkingu. Fyrirlesturinn var í samstarfi við foreldrafélagið og leitt hversu fáir foreldrar nýttu sér það en þið sem komuð takk fyrir komuna.

#### Vikan 1-3 nóvember

1. nóv. „Pollóween“ búningadagur þeir sem vilja mæta í búningum

#### Vikan 4.-10. nóvember

7. nóv. íþróttir, muna eftir þægilegum fatnaði.

8. nóv. baráttudagur gegn einelti

8. nóv. umhverfisnefndarfundur kl 10.

8. nóv. rugldagur opið á milli deilda kl. 10-11.

#### Vikan 11.-17. Nóvember

14. nóv. Félag eldri borgara kemur í heimsókn á Álfaheima

14. nóv. íþróttir, muna eftir þægilegum fatnaði.

15. nóv. söngstund

16. nóv. Dagur íslenskrar tungu, nemendur 6. bekkjar koma og lesa fyrir börnin

#### Vikan 18.-24. nóvember

21. nóv. íþróttir, muna eftir þægilegum fatnaði.

22. nóv. söngstund

#### Vikan 25.-30. nóvember

26. nóv. Leiksýningin Þorri og Þura kl. 10

28. nóv. íþróttir, muna eftir þægilegum fatnaði.

29. nóv. söngstund

Kveðja  
Elsa aðstoðarleikskólastjóri